

**124. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stíllholti 16-18,  
1. apríl 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu og Hrefna Rún Ákadóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hrefna Rún Ákadóttir, félagsráðgjafi.

Svala Hreinsdóttir sviðstjóri, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Kristinn Hallur Sveinsson formaður tóku þátt í gegnum í fjarfundabúnað.

**Fyrir tekið:**

**1. 2003259 - Holtið sérúrræði fyrir börn**

Holtið úrræði í barnavernd. Fyrir liggur samþykkt Velferðar- og mannréttindaráðs um rekstur á sértæku úrræði í barnavernd tímabilið janúar til júlí 2020. Úrræðið var samþykkt vegna barna á grunnskólaaldri með sértækan og flókinn vanda. Fyrir liggur greinargerð varðandi nýtingu úrræðisins til þessa og beiðni um áframhaldandi rekstur úrræðisins.

*Ingibjörg Gunnarsdóttir yfirfélagsráðgjafi kynnti úrræðið í gegnum fjarfundabúnað, Velferðar- og mannréttindaráð þakkar fyrir greinagóða kynningu.*

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir áframhaldandi rekstur úrræðisins og vísar málinu til staðfestingar í bæjarráði. Áætlaður kostnaður um 9 milljónir fyrir tímabilið júlí - desember 2020.*

**2. 2003068 - Viðbragðsáætlun velferðar- og mannréttindasviðs við heimsútbreiðslu inflúensu**

Viðbragðsáætlun á Velferðar- og mannréttindasviði vegna COVID-19. Stöðumat og upplýsingar.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.**